Kvennablaðið kostar 1 kr. 50 au. innanlands, erlendis 2 kr. (65 cent vestanhafs) ½ verðsins borgist fyrfram, en ½ fyrir 15. júlí.

# Kvennabladid.

Uppsögn skrifleg bundin við áramót, ógild nema komin sé til útgef. fyrir 1. okt og kaupandi hafi borgað að fullu.

20. ár. | Reykjavík, 20. marz 1914. | № 3.

## Norrænn kvennafundur.

Hið stóra danska landsfélag kvenna »Dansk Kvinde Samfund«, samþykti í fyrra vetur að koma á kvennafundi fyrir öll Norðurlönd vorið 1914. Nú hefir formaður félagsins, stiftamtmannsekkja frú Astrid Stampe Feddersen sent út boðsbréfin til þessara 4 landa, Finnlands, Svíþjóðar, Noregs og Íslands. Á Íslandi hefir félagið boðið Kvenréttindafélagi Íslands og formanni þess að taka þátt í þessum fundi, sem verður haldinn dagana 10 og 11 n. k. júní í Kaupmh. og verður í sambandi við ársfund »Dansk Kvinde Samfund's«. Fundarefnið er sérstaklega hjónabandslöggjöf Norðurlanda, barnalöggjöfin, sérverndunarlög kvenna[1]), pólitískur kosningarréttur kvenna og umræður um að stofna norrænt sambands-kvennafélag. Í bréfinu er óskað eftir sem mestri hluttöku kvenna á fundinn. Síðar verða sendar nákvæmari upplýsingar til allra þeirra félaga, sem boðið var að taka þátt í fundinum.

Óskandi væri að einhverjar góðar íslenskar konur, sem áhuga hafa fyrir þessum málum, vildu taka þátt í þessum fundi. Mundu þær hafa mjög mikinn fróðleik og gagn af því, einkum vegna þess, eins og segir í bréfinu, að þar verða tungumálin ekki til fyrirstöðu. Félagið býður fulltrúum og gestum þeim, sem koma frá félögunum að vera gestir sínir á meðan á fundinum stendur. En auðvitað eru það fáir dagar. — Þær konur, sem kunna að hafa löngun til að nota sér af þessu tilboði geta snúið sér til form. Kvenréttindafél. Ísl. í Reykjavík, ef þær vilja fá frekari upplýsingar í þessu efni.

Frú Astrid Stampe Feddersen, er ein af alkunnustu dönskum konum, mjög gáfuð og mentuð kona, af gamalli aðalsætt. Hún er frjálslynd mjög og hin mesta kvennréttindakona. Á yngri árum var hún ein af þeim, sem mjög mikinn áhuga hafði fyrir, að öll Norðurlönd mynduðu samband sín á milli. Ísland hefir hún sjerstaklega elskað, og þess gömlu bókmentir og sögu. Hefir hún oft tekið svari voru í ræðu og riti við landsmenn sína. Sagði hún mér síðastl. vor, þegar eg var svo heppin að kynnast henni, á ársfundi »Dansk Kvinde Samfund's, að það hefði á yngri árum lengi verið sín heitasta ósk og draumur, að heimsækja Ísland, og kynnast þar bæði þjóðinni og landsháttum. Nú bjóst hún við að líklegast yrði ekki af því, að sú ósk rættist, vegna hinnar löngu sjóferðar. Í deilu þeirri, sem K. Berlin hefir vakið gegn oss, er hún algerlega vor megin.

Eitt af þeim kvennamálum sem A. Stampe Feddersen hefir mikið ritað um er það, að konur haldi föðurnafni sínu, en taki ekki upp nöfn manna sinna. Hefir hún sjálf ætið haldið sínu föðurnafni, og sleppir marg oft alveg hinu nafninu aftan af. Sömuleiðis hefir hún mjög mikið ritað á móti hinum dönsku orðum »Lærerinde«, »Bispinde«, »Stiftamtmandinde«, »Forstanderinde« o. s. frv. Segir eins og satt er, að í norrænu máli eigi orðið maður jafnt við konur sem karla.

---

1) Lög sem banna verkakonum næturvinnu, og sviftir þær þannig besta launamöguleikanum. Hafa verið feld í Danmörku, að tilhlutun kvenna, En samþykt undir kröftugum mótmælum kvenna í Svíþjóð. Í Noregi eru þau nú á dagskrá.

## *Ráðlegging til allra Norðmanna.*

(Þessi grein stóð í febrúarblaði norska kvennablaðsins »Nylænde«. En af því að Kvbl. álítur að Íslendingar hafi gott af að hlýða á þessa ráðleggingu, þá er greinin þýdd hér orðrétt.)

„— — Eg hefi unnið fyrir mér í Ameríku síðustu 20 árin og unnið hjá Ameríkumönnum og fyrir Ameríkumenn, búið og ferðast í 23 ólíkum fylkjum og aðgætt vandlega alla þeirra staðhætti og lífsskilyrði. Eg held eg hafi því leyfi til að gefa landsmönnum mínum heilræði. Og það er heilræði, sem eg hefi vandlega yfirvegað áður. Það er svona: *Komið ekki til Ameríku!*

Eg kom hingað vestur með næga peninga til að lifa af árlangt. Eg hafði ágæta kunnáttu í minni starfsgrein. Eg talaði ensku auk ýmsra annara mála. Eg hafði með meðmælabréf til ýmsra mikilsmetinna og áhrifamikilla Ameríkumanna. Eg var vanur ferðalögum og hafði marga yfirburði fram yfir flesta útlendinga hér. Eg hefi unnið strangari erfiði, já miklu strangara, en menn gera heima. En þó hefi eg að eins komist svo langt að hafa í mig og á.

„Hversvegna?“ munu margir spyrja.

Jú, af því Ameríka er full af fólki, sem leitar eftir allskonar vinnu. Bara í borg, sem hefir 250,000 íbúa, eru nú um 7000 atvinnuleysingjar, sem grátbiðja um vinnu, af því fjölskyldur þeirra svelti. En engin vinna er til handa þeim. Ástandið í Ameríku er hryggilegt, en samt streyma innflytjendurnir þangað þúsundum saman.

Fyrir nokkru síðan komu 20,000 innflytjendur til New York á 10 dögum. Hvað verður svo af öllum þessum þúsundum? Allir innflytjendur eru fluttir til „Ellis Island“, sem með réttu er nefnt „helvíti innflytjendanna“. Þar verða þeir fyrir nærgöngulli og meiðandi heilbrigðisskoðun. Reyndar skilja þeir ekki nokkurt orð af því, sem talað er, því þar er voðalegur ruglingur af málum og þjóðernum. Ef menn hafa veik augu, sárindi í hálsi, eða einhvern annan líkamlegan galla, þá eru þeir slitnir frá fjölskyldu sinni og sendir heim aftur, oft án þess að fá að vita ástæðuna til þess. Í fyrra voru 18.000 sendir heim aftur, og margir af þeim voru fjölskyldufeður eða fyrirvinnur. Hvað verður svo af hinum ógæfusömu munaðarlausu fjölskyldum þeirra? Það geta allir sagt sér sjálfir. Ameríkumenn eru venjulega góðhjartaðir menn og hjálpsamir. En þegar daglega koma til þeirra þúsundir af ósjálfbjarga fólki árið um kring, þá getur jafnvel auðugasta land og góðhjartaðasta þjóð ekkert gert. Bjargráðin samsvara þá ekki þörfunum.

Þeir af innflytjendum sem halda að þeir hafi trygt sér hér vinnu, aður en þeir yfirgáfu fósturjörð sína, reyna oftast beisk vonbrigði. Samningar þeirra eru rifnir í sundur, eða þeir sjálfir teknir fastir, því Ameríku innflytjendalögin viðurkenna ekki samninga, útgefna í öðrum löndum. Gætið yðar því fyrir hinum sætmálu amerísku agentum þegar þeir lofa mestu ágætis skilmálum! Trúið þeim ekki!

Þeir af innflytjendunum sem eiga hér vini eða frændur, sem taka á móti þeim og eru kunnugir öllum ástæðum hér, geta oft komist hér mjög vel áfram, einkum ef þeir eru ungir og duglegir. En þeir verða að vinna tífalt meira hér en heima. Og allir verða að reka sig á það, að þó Ameríkulaunin séu há, þá ná þau þó skamt, því alt er hér tvöfalt dýrara en heima. Þeir, sem eru farnir að eldast, og ekki eru heilsugóðir eða hraustir, ættu aldrei að koma hingað, því hér er alt gagnólíkt því heima. Bara sólin og tunglið eru þau sömu — nei, jafnvel þau, sýnast vera öðruvísi. Alt er hér ókunnuglegt og undarlegt og svo skelfilega stórkostlegt. Bæði landið, landshættir og lífsskilyrði, að enginn, sem ekki þekkir það, getur gert sér minstu hugmynd um það.

Oft sjá menn innflytjendurna gömlu, koma aftur heim, með úttroðnar buddur, digrar gullfestar, stífa silkikjóla og demanta. Dásamlegar heyrast frásögur þeirra um auðinn og alsnægtiruar í Ameríku, En lítið á andlitsdrætti þeirra margra hverra, sem hafa orðið þar efnaðir, og hlustið nákvæmlega á orð þeirra. Það er ait kalt, hart og hrokafult. Hvar er hamingjan, heiðarleikinn og allar finni tilfinningarnar, sem einkendu áður þetta sama fólk, þegar það yfirgaf Noreg? Það er horfið, og drepið í hinni bitru amerísku baráttu fyrir daglegu brauði.

Og takið vel eftir, hvað örlítill hluti kemur heim aftur, af öllum þeim þúsundum, sem fóru vestur. *Hvar eru allir hinir?* Því eru svo margir, sem aldrei koma heim aftur, aldrei skrifa, og aldrei láta af sér vita? Hafa þeir allir gleymt ættjörðunni. Nei, það eru fáir norskir menn og konur sem gleyma ættjörð sinni, þótt þeir verði að *afsverja* hana til þess að geta orðið hér Amerískir borgarar, því lögin hér heimta ekki einungis trúskapareið við Ameríku, heldur verða menn líka að afsverja*) sitt eigið land. Nei, þeir hafa annaðhvort gefist upp, orðið undir í hinni hræðilegu baráttu og liggja grafnir og gleymdir í „Potter's Fjeld“ — fátækrakirkjugarðinum — eða þeir fylla vitlausra spítalana í Ameríku, Skandinavar eiga stærstu procenturnar af geðveikum þar — eða þeir eru læstir inni í hinum margskonar „opinberu“ húsum, þar sem þeir slítast út, þangað til þeim er kastað þaðan, deyjandi, aumum og yfirgefnum.

Þér norsku mæður, vitið ekki í hvaða hættu börnin ykkar eru þar. Hvíta mansalið er rekið þar í stórum stíl, bæði af konum og körlum. Ungir drengir eru oft tældir á ósiðlega staði, þar sem þeir eru

*) „to renounce absolutely and for ever“ — alla trygð og þjónusta við önnur ríki, einkum það, sem menn hafa verið þegnar í.

neyddir inn í heimsins fyrirlitlegustu stöðu! Mansalastöðuna. Og ungu stúlkurnar hverfa þar þúsundum saman. Í tilefni af sýningunni í San Francicó 1915, þá hafa verið heimtaðar af mansalsverzlununum 15,000 ungar stúlkur, svo nú eru agentar sendir út um öll lönd. Gætið vel að ungu stúlkunum ykkur í Noregi!

Hvaða vonir geta svo aumingja innflytjendurnir haft? Ameríka er kallað þjóðveldissinnað land. En hvergi eru takmörkin skarpari og dýpra niður á við milli verkamanna og vinnuveitenda. Þegar búið er að borga mönnum, þá eru þeir skoðaðir eins og vinnuvélar, jafnvel þó vinnuveitandinn standi þeim langtum neðar í allri mentun. Lífnaðarhættirnir eru mjög eyðslusamir og dýrir. Og flest atvinna er óvís. Stórar viðskiftasýslanir, og jafnvel skólar byrja oft án þess að eiga einn einasta eyri. Og afleiðingarnar eru, að verkamönnunum er þá annaðhvort goldið illa, eða alls ekki neitt.

Landið er ákaflega stórt, og staðhættirnir auðvitað ólíkir í þessu 51 ríki. Sömuleiðis loftslagið. En hvar sem menn setjast að, þá *verða þeir að vinna mjög mikið*. Svo mikið, að ef Norðmennirnir *vildu vinna eins mikið í Noregi*, þá ættu þeir að geta fengið meira fyrir vinnuna. Þar að auki er Noregur lítið land, sem sjálft þarfnast síns fáa fólks. Hingað óskar enginn eftir okkur, eða þarf okkar með.

*Verið kyrrir heima* og vinnið fyrir Noreg, yðar eigið land og eigin heimili, með því verðið þið langtum hamingjusamari. Það er mitt innilegasta heilræði til allra karla og kvenna ungra og gamalla. Og það ráð gef eg ykkur eftir 20 ára dýrkeypta reynslu.

*Emigrant.*

---

# Frá Englandi.

Í hinu friðsama enska kvennablaði »Votes for Vomen« stendur grein 9. jan. síðastl. með yfirskriftinni: »Hvað þjóðin missir«, sem telur upp margskonar missir og fjárhagslegt tjón, sem þjóðin verði fyrir, vegna baráttu friðsömu kvenréttindakvennanna fyrir kosningarrétti kvenna, — auk tjóns þess sem bardagakonurnar valdi með allskonar skemdum, sem ýms blöð meta að muni nema frá 500,000—1,000,000 pd. í enskum peningum, eða 100,000 pd. árl.

Tjón það sem friðsömu konurnar valda telur blaðið vera sprottið af því að þær sjái að þing Breta traðki öllum þeim málum, sem konur varða, eða vilja beita sér fyrir, meðan þær hafi engan kosningarrétt. Þær séu búnar að reka sig á að kosningarrétturinn sé grundvöllur allra annara réttarbóta, og því hafi margar af gáfuðustu og viðsýnustu enskum konum ákveðið að beita öllu starfsþreki sínu, tíma og peningum, sem þær áður hafi varið í þjónustu þjóðfélagsins, til þess nú að vinna að agitationum fyrir kosningarrétti kvenna, þangað til hann er fenginn.

Eftirfarandi atriði segir blaðið vera fáein af þeim óteljandi mörgu, sem landið bíði við tjón, af þráa stjórnarinnar og ranglæti í því, að taka ekki kosningarréttarmál kvenna á dagskrá sína og leiða það til farsælla lykta:

1) Þúsundir kvenna í hinu sameinaða Bretlandi hafa ákveðið að hætta nú í nokkur ár að leggja fé eða styrkja á annan hátt ýmsa spítala, góðgerðastofnanir, vísindafélög, listir og bókmentir, en verja því fé og kröftum til kosningarréttarbaráttunnar. Af þessu hafa kosningarréttarfélögin (sem nú eru 52 landsfélög) grætt stórfé, en í öllu Bretlandi sé ekkert góðgerðafyrirtæki eða spítali, sem ekki hafi beðið stórtjón við þetta, og sum þeirra farið algerlega um koll við það.

2) Mjög stórkostlegum styrkjum og gjöfum til kirkna, kapella og trúfélaga hafi verið hætt, þrátt fyrir það, að konur hafi haft mikinn áhuga fyrir þeim. En þær hafi fundið að þangað til kosningarréttur kvenna væri fenginn, yrðu þær að verja öllum félagskröftum og tíma sínum til að hrinda því máli áfram, og því veitt kosningarréttarfélögunum alt það, sem þessar stofnanir hefðu áður fengið frá þeim.

3) Mjög stór félög kvenna í hinu stóra sambandsfélagi þeirra »Tax Restance League« hafi heitið því að borga aldrei neina opinbera skatta þangað til kosningarréttur kvenna væri fenginn, vegna þess að þeir, sem engan atkvæðisrétt hefðu, ættu heldur ekki að greiða neina skatta, og að skattaálögur, án þess að hafa um þær atkvæðisrétt, væri harðstjórn. Þetta hefði bakað landinu feykilegt fjártjón, og yfir-

völdin hefðu orðið að hafa mikla fyrirhöfn og kostnað fyrir því að ná inn einhverju af þessum gjöldum.

4) Konur hefðu myndað stór félög til að neita sér um allskonar munað, einkum hefðu þær minkað verzlun sína við álnavörusölu, og aðra verzlunar og iðnaðarmenn.

5) Fjöldi kvenna hefir dregið út allar inneignir sínar í breskum stjórnarábyrgðum og breskum iðnaðarfyrirtækjum, og hafa komið þessum eignum í útlend verðbréf.

---

## Þegar frúin hafði fjárráðin.

(Þýtt.)

(Niðurl.)

»Það er satt, eg varð að taka dálitla peningaupphæð til láns í gær«.

»Hvað mikið?« spurði kona hans, og roðnaði dálítið.

»Átta krónur«.

Henni lá við að spyrja til hvers hann hefði brúkað peningana, en hætti við það, og fékk honum þessa upphæð.

»Það væri gott að þú fengir mér um leið svolítið fyrir sporvagnsmiðum«, sagði hann.

Hún horfði ofan í buddu sína, hugsaði sig augnablik um, og fékk honum svo 25 aura.

Þann daginn gleymdi hr. Bohm ekki sínum fjárhagslegu ástæðum. Hann mundi eftir þeim, þegar hann sendi vini sínum þessar 8 krónur, sem hann hafði fengið hjá honum að láni, hann mundi eftir þeim þegar hann gekk fram hjá ávaxtaverzlun, með óvenjulega girnilegum eplum, hann mundi eftir þeim, þegar litli fatlaði drengurinn kom inn í skrifstofuna, og beiddist fáeinna aura, og hann fékk enn þá tilfinnanlegast að minnast fátæktar sinnar, þegar hann gat ekki keypt »Kvöldblaðið«.

Þriðja daginn tók hann á öllu sínu hugrekki, og bað með illra duldri ólund um peninga fyrir hálfa tylft af flibbum. Hann hafði nú ákveðið að hætta við að kaupa sér slifsi um leið, sem hann þó hafði ætlað sér. Og af því hann gat nú fengið flibbana ofurlítið ódýrara en hann hafði sagt konu sinni, þá var hann nú nokkurnveginn byrgur þenna daginn.

Daginn eftir var sunnudagur. Hann var altaf vanur á sunnudagsmorgnana að fá sér reiðsprett á hjólinu sínu kringum allan bæinn. En þegar honum datt nú í hug þorstinn og allar sodavatnsbúðirnar, sem urðu fyrir honum á leiðinni, þá ákvarðaði hann að hafa höfuðverk þenna morguninn.

Fimta daginn kom kjötsalinn með reikning á skrifstofuna. Hr. Bohm tautaði eitthvað um að hann hefði gleymt buddunni í frakkavasa heima, og sendi manninn til konunnar eftir borguninni, þótt hann hefði áður gefið beina skipun um, að færa sér alla reikninga á skrifstofuna.

Sjötta daginn gaf frú Bohm honum alveg óvænt 50 aura fyrir sporvagnsmiðum. Af fögnuði yfir því fór hann þegar í ávaxtaverzlun og keypti hálft pund af kirsiberjum handa sér. En þegar sjöundi dagurinn var liðinn, þá var hr. Bohm alveg sannfærður um að þetta gæti ekki gengið lengur. Hann hleypti því kjarki í sig og bað konu sína um 20 krónur.

»Til hvers?« spurði frúin.

»Fyrir stígvél«.

»Það lítur út fyrir að karlmannastígvél séu nokkuð dýr«.

»Nei, þau kosta aðeins 15 krónur, en eg þarf víst á afganginum að halda«.

Hún beið eitt augnablik, roðnaði svo og beit á vörina og fékk honum 15 krónur og 50 aura.

Hr. Bohm leit soðggvast út fyrir að vilja kasta peningunum framan í hana. En svo sneri hann sér skyndilega við, roðnaði, stakk peningunum í vestisvasann og vatt sér út eins og vitlaus maður og skelti hurðinni hart í lás eftir sér.

Frú Bohm fleygði sér ofan á legubekkinn grátandi. Hún var smeyk um að nú hefði hún farið of langt, Og þegar hann kom heim til miðdegisverðar, þá þorði hún varla að líta á hann. En hann var mjög rólegur, en leit ekki upp meðan á máltíðinni stóð.

En þegar hann eftir miðdegisverðinn var seztur út við gluggann, með olnbogana í gluggakistunni og höfuðið niðri í höndum sér, þá læddist frúin hljóðlega aftan að honum og lét peningapyngjuna renna niður í kjöltu hans. Svo ætlaði hún að hlaupa burtu, en hann þreif í kjólinn hennar og dró hana að sér.

»Segðu mér«, sagði hann alvarlega, »hvort það er nógu mikið eftir í peningakassanum til þess að gjalda sendisveini utan úr bænum, fyrir að lumbra á mér?«

»Ó, Tom, getur þú fyrirgefið mér? Þú veist

ekki hvað úrvinda af sorg eg hefi verið að verða að neyðast til að vera svona hörð við þig«.

»Nei, að heyra til þín. Ætlar þú virkilega að telja mér trú um að þér hafi ekki verið ánægja að því?«

»Hvernig ætti eg að hafa getað glaðst af því?« sagði hún næstum því gröm.

Hr. Bohm leit upp og hló.

Loks spurði hann:

»Veiztu hvað þú eyðir miklu um mánuðinn til heimilisins?«

»Já, upp á eyri. Hér getur þú séð reikninginn yfir alt til heimilisins, og hérna yfir öll útgjöld handa mér persónulega«.

Hr. Bohm leit yfir tölurnar.

Svo bar hann þær saman, eins og til þess með sjálfum sér að reikna út alla upphæðina. Síðan sagði hann alvarlega:

»Fanny, þú ert hreinasta perla, hvað sparseminni viðvíkur, og eg — já, fyrirgefðu, en vegna þess, að þú ert viðstödd, þá vil eg ekki segja hvað eg er. Nú legg eg til að þegar þessi mánuður er liðinn, og eg hefi fengið launin mín útborguð, þá drögum við fyrst frá þeim húsmjórnarkostnaðinn, og svo skiftum við afganginum jafnt á milli okkar. Ertu ánægð með það«.

Hún lagði handlegginn utan um hálsinn á honum og kysti hann.

Eftir þenna dag hefir hr. og frú Bohm aldrei orðið sundurorða út af fjármálum.

---

# „En isländsk diktares Kvinnovorld".

—

Í sænska kvennatímaritinu »Herta« 4. hefti útkomnu í febr. síðastl. stendur grein með ofangreindri yfirskrift, eftir frk. Emiliu Fogelklou, sem hér ferðaðist í sumar, um skáldrit ýmsra íslenzkra rithöfunda, og þau áhrif, sem konurnar hafi hjá þeim, að fornu og nýju á rás viðburðanna í ritverkum þeirra. Byrjar hún á Íslendingasögunum og segir að þar standi jafnan konur á bak við alla helztu viðburðina, hvort sem það séu frægðarverk eða óðáðaverk.

Þá minnist hún lítillega á Fjalla-Eyvind og Höllu, sem hún segir að mörgum hafi fundist sem voldug opinberun af heilsteyptri persónu og ástríðufullri ást alveg inn í vitfyrringsmyrkrið. En í sínum augum hafi Halla ekki orðið annað en svipur eða vofa, þótt mikilúðleg vofa væri. En mörg smærri einkenni hennar væru afturgöngur fortíðarkvennanna, sem eigi illa við í sálarlýsingum nútíðarkvenna. Ef til vill sé eitthvað meira en dálítil þjóðleg ófundssýki, sem komi Íslendingum til að gremjast það, að í þessum sjónleik, sem fyrst sé saminn á dönsku, sé tekið fram, að aðalpersónan sé ger eftir danskri nútíðarkonu.

Aðallega er það Einar Hjörleifsson og skáldrit hans, sem hún talar um. Telur hún leitt að þau séu lítt kunn í Svíþjóð. Hún telur hann eiga þá sjaldgæfu list að kunna að lýsa bæði mönnum og umhverfum. Hann hafi um 1880 áraleitið sem stúdent í Kmh. samið »Kjellandsker« smásögur og síðar í mörg ár verið blaðamaður í Winnipeg og á Íslandi. Þó hafi þetta ekki deyft tilfinninganæmi hans fyrir raunveruleikanum, því hann hafi alveg óvenjulega hæfileika til að lýsa insta sálarlífi manna, svo að hún þekki varla nokkurn hans jafningja í þeim efnum. Hún segir sér finnist hann fæða sögufólk sitt algerlega af sér, bæði andlega og líkamlega, enda hafi sonur hans sagt sér að honum færi jafnan svo, að ýmsar lítilfjörlegar og gróflar sögupersónur hans, sem í fyrstu hafi átt að verða aukapersónur, hafi smámsaman læst sig svo inn í hans kærleiksríku skaparahæfileika að einmitt hinn lélegasti og ómögulegasti hafi, hvernig sem hann færi að, síðast orðið aðalpersónan, með því sálarlífi og innri einkennum, sem öll samúðin að síðustu snerist um. Hún segir skáldrit hans ekki bjóði oss neinar óvenjulegar fornsögupersónur. Það sé optastnær fólk, sem hafi nútímans Ísland að baktjaldi. Ýmist hin regngráu, járnþöktu Reykjavíkurhús og forugu Reykjavíkurgötur, eða hið fagurbláa hreina fjallaloft, eða hina sólgiltrandi hafi kringdu Reykjavík, þar sem alt geti brugðist, nema litskrúðið og litaskiftin.

Þá talar hún um hans stærstu ritverk, Ofurefli og Gull, og hvernig Sigurlaug hafi að lokum áhrif á hinn grófgerða dugnaðarkarl, svo að hún hafi síðast orðið honum eins og María mey sé katólskum börnum. Hún hafi orðið guðs ímynd í hans augum.

Þetta efni: Konan, sem hjálpi til að endurfæða sál karlmannsins, það komi aftur og aftur fram í ritverkum E. H. stundum með þeirri fjarstæðu þörf að elska einmitt þá vesölustu og ógæfusömustu, þó þannig, að fyrir lesendunum verði það hvorki draumur eða hitasóttaróra, heldur nokkurskonar hljóðlegur raunveruleiki, sem ekki komi lesendunum til að spyrja hvort þetta geti verið svona, heldur neyði þá einmitt til að sannfærast um að svona hljóti það að vera.

Í Lénharði fógeta séu það konurnar, sem stýri viðburðunum, með sinni næmu rökfærslu Konurnar við kirkjuna séu máske skyldastar

hinum eggjandi fornkonum af öllum sögukonum E. H. En Guðný sé ekkert skyld þeim. Fógetinn hafi náð henni á sitt vald, en þá uppgötvaði þó kvenauga hennar, þvert á móti vilja sínum, að jafnvel í þessum svartálfi búi neisti af manni. Og vegna þess að hún hafi fundið þetta, fái hún fullkomið vald yfir Lénharði. Það sjáist bezt þegar honum sé boðin prestsþjónusta síðast, sem hann neitti með þeim orðum: »Þarna stendur minn prestur«.

Annað einkenni á skáldsögum Einars sé hans næmi skilningur á sorgum og þjáningum kvenna, Það komi máske bezt fram í sögunni »Örðugasti hjallinn«. — Ýmsar af smásögum hans telur hún svo upp, þar sem hún segir að tíu kímni leiki í öllum krókum og kimum, sem mundi ginna menn til að hlægja, ef röddin væri ekki svo mild og hljóð undir brosinu svo við gætum ekki heldur fengið af okkur að hlægja, nema í huganum. Stundum finst henni hann ekki geta séð skuggana nógu dökka. — En samanborið við allar þær persónulegu árásir, sem hann hafi orðið fyrir, misskilning og saurkast, vegna hans gjörbóta stjórnmálastefnu, þá sýnist þessi vöntun hans nærri »sublime«. En máske sé það eðlilegt fyrir mann, sem »óttist langtum meira sérgæði mannanna, en alla þeirra glæpi«.

## Um fráfœrur.

Eg man ekki eftir að eg hafi nú lengi séð í Kvennablaðinu ritgjörð um fráfærur. En þó víða annarstaðar heyrast ýmsar raddir frá karlmönnunum um það, hvort betra sé að færa ánum frá eða láta þær ganga með dilk yfir sumarið, og æði misjafnar skoðanir þar um.

Væri ekki vel til fundið, að sveitakonur og stúlkur ræddu líka um það í sínu blaði og kæmu sjer saman um og athuguðu það nákvæmlega hvort betra væri að færa ánum frá eða láta þær ganga með dilk.

Það sýnist nú á tímum að sjálfsagt sé að láta karlmennina eina ráða þar mestu um hvort fært sé frá eða ekki. Eg fyrir mitt leyti tel það mjög illa farið, að sá ósiður komst svo alment á, að hætt var að færa ánum frá, nema í stöku sveitum, er enn haldið við gamla lagið og tel eg það vel farið.

Það heyrist víða, að ekki sé hægt að hafa fráfærur vegna fólksleysis og því nú mest kent um.

Þetta getur máske átt sér stað á sumum heimilum, en svo eru þá aftur önnur heimili er sýnist nóg til af fólki fullorðnu og unglingum, er að þessu gætu unnið, en lætur sjer þó ekki detta í hug að færa frá, það er eins og hver hermi eftir öðrum og haldi að það sje miklu betra að leggja inn dilkana í kaupstaðinn á haustin og taka svo aftur kornmat í grauta og brauð, og borða það svo stundum hálf þurft og lítið útálát hjá sumum hverjum.

En spyrjum nú okkur sjálfar konur? Væri ekki miklu betra og hyggilegra fyrir okkur að leggja dálítið hart á okkur og reyna að styðja að því, að tekinn væri upp gamli siðurinn að tæra frá, og nota sauðamjólkina í góða íslenzka skyrið og ostana, og borða það í stað grautanna, eða að minsta kosti að minka að stórum mun þá dýru leiðinda vöruúttekt, er nú sýnist orðið alveg úr hófi keyra.

Og þá um leið höfum við nóg smjör til að borða og getum selt það aftur í skuldirnar í stað dilkanna, og eins þar, sem er mikil mjólk, er hægt að selja skyr og sýru og um leið má líka nota sýruna heima til skepnufóðurs, er þykir reynast svo vel, sem víst er óhætt að segja að sé.

Eg veit að mörg heimili eru til, er hafa gott kúabú og þeir einir geta svarað úr flokki, að þeir þurfi ekki að færa frá og hafi nóg skyr og smjör.

En svo eru líka miklu fleiri heimili, er hafa þetta 1—2—3 kýr, sumar góðar og sumar lélegar og ónýtar, er vart er tilvinnandi að hafa, þó stundum megi til að neyðast til þess, vegna þess að ekki er altént völ á kaupi á góðu kúnum og verðnr því að neyðast til að hafa lélegu kýrnar sem er svo óbætanlegur skaði, að það verður ekki með tölum talið, hvaða tjón það er að eiga margt af þessum ónýtu kúm. [Frh.].

# Niðurjöfnunarskrá Reykjavíkur

árið 1914 liggur frammi almenningi til sýnis á bæjarþingstofunni dagana 17.—31. þ. m.

Kærur yfir aukaútsvörum sendist formanni niðurjöfnunarnefndar fyrir 15. apríl n. k.

Borgarstjóri Reykjavíkur 17. marz 1914

**Páll Einarsson.**

Nýkomið í verzl. EDINBORG

KVENNHATTAR

og

BARNAHATTAR

af nýjustu tízku.

**Mikið úrval!**

*KAUPEMDUR KVENNABLAÐSINS, sem skifta um bústað, eru beðnir að láta útg. vita heimilisfang sitt hið fyrsta.*

Útgefandi: **Briet Bjarnhéðinsdóttir.** — Prentsmiðjan Gutenberg.